

**„Fyrir ofan okkur blasir við Siglufjarðarskarði. Hér á öldum áður helsta leið Siglufirðinga yfir í Fljótin og aðrar byggðir. Árið 1947 var síðar vegur um skarðið tekinn í notkun en þá hafði verið að unnið að gerð vegarins, lengst af aðeins með handverkfærum í níu ár.“ Ferðafélag Íslands er að leggja af stað í fjögurra daga ferð yfir í Héðinsfjörð og Hvanndali. Fyrsti dagur ferðarinnar hefst þó með göngu á fjöllin ofan við Siglufjarðarbæ. Við upphaf ferðar er sagt frá Siglufjarðarskarði. Kona ein í hópnunum réttir þá upp hönd. „Jú afi minn var vegavinnustjóri þegar vegurinn yfir skarðið var lagður. Hann var víst all kræfur kallinn og til um hann margar sögur. „Já ég þekki nokkur ljóða hans,“ segir þá annar þátttakandi í ferðinni. Svona er nú Ísland lítið og einhvern veginn eru allir skildir eða þekkjá sögu næsta manns.**

Siglufjarðarskarð var illræmt og oft erfitt yfirferðar. Fjölmargir fórust hér á leiðinni yfir skarðið. Sagt er að hér hafi illur loftandi ráðið ríkjum og þegar hann skreið niður af fjallinu hafi allt sem hafi orðið á vegi hans drepist. Árið 1793 var síðan prestur sendur af biskupi til að blessa skarðið. Réttir þá einn þátttakenda í ferðinni upp hönd. „Jú, séra Þorleifur var forfaðir minn í 5 ættlið. Ekki bara bara að landið sé lítið og íslendingar fámennir. Það er líka svo stutt síðan forfeður okkar bjuggu hér í landinu við svo allt önnur kjör og skilyrði en við þekkjum í dag.

Þannig hefst ferð Ferðafélag Íslands í Héðinsfjörð og Hvanndali. Ferðafélagið hefur í mörg ár staðið staðið fyrir ferðum í Héðinsfjörð í Hvanndali. Hvanndalir afskekkasta byggð sem verið hefur á landinu og Héðinsfjörður einn fallegasti eyðifjörður landsins. Að þessu sinni hefur ferðaáætlun verið breytt nokkuð frá fyrri ferðum. Leiðin liggur um fáfarnar og illfærar slóðir, sögulegar leiðir sem jafnvel hafa ekki verið farnar í 150 ár.

Fyrsti dagur ferðarinnar hefst í Skarðsdal. Gengið er upp með skíðasvæði Siglufirðinga, einu besta skíðasvæði landsins. Þegar brölt er upp all brattar brekkur skíðasvæðisins stynja nokkrir þátttakendur upp að það væri nú nær að renna sér niður þessar brekkur á skíðum yfir vetrartímann. Árnar tvær sem renna niður Skarðsdal eru nú hvítbláar í fjarska. Við tökum fyrsta stöpp við upptök Leyningsár. Hér er vatnspása segir fararstjórinn, og sögustund. Í ljósi fréttu sumarsins eru nú sögur af ísbjörnum rifjaðar upp. Hvað eigum við að gera ef við rekumst á ísbjörn spyr fararstjórinn. All nokkrum góðum ráðum er kastað fram. Besta ráðið þó sennilega að leggja á flóttu með einhverjum sem hleypur hægar en maður sjálfur. Eitt sinn mætti maður ísbirni á Lágheiðinni. Maðurinn hafði broddstaf og gat varið sig og gekk áfram niður í Ólafsfjörð. Þar mætti hann örðum manni sem var á leið yfir í Fljótin, yfir Lágheiðina. Hann sagði honum frá ísbirninum og ákvað að lána honum broddstafinn sinn. Þegar svo sá sem er á leiðinni yfir Fljótin er komin upp á Lágheiði og gengur fram á Ísbjörninn, þá þekkir ísbjörninn broddstafinn, hleypur niður í Ólafsfjörð, nær mannum og drepur hann.

### **Illvirðahnúkur**

Og svo er gengið áfram. Skriðan upp hrygginn ofan við skíðasvæðið er brött og laus og nokkuð leiðinleg. Hryggurinn sá liggur á Illvirðahnúk. En nú er sól og blíða og útsýni. Úsýni sem er engu líkt. Í dag gæti Illvirðahnúkur heitið Sólskinstundur. En þó, það hvessir all hressilega þegar upp á tindinn er komið og nú er staðið og bent og menn gera

sig gáfullega. Sést hér lengst í allar áttir. Og til austurs horfum við á leiðina sem framundan er. Horfum yfir hrikafjöll Héðinsfjarðar og Hvanndala, yfir til Ólafsfjarðar og allan Tröllaskagann, yfir Eyjafjörð og enn lengra austur. Illviðrahnúkur er 895 metra hár, Úlfsdalir eru til norðurs. Þangað komust við ekki niður snarbratta klettana, en klöngrumst áfram fram af fjallinu til austurs og höldum á Snók. Hér er það sem póstkortamyndir eru teknar af Siglufirði. Fjörðurinn og síldarbærinn sögufrægi skarta sínu fegursta séð af Snók. Siglufjörðurur sem um tíma var fjórði stærsti bær landsins með um 3000 íbúa og fjörðurinn fullur af fiskibátum, bærinn iðandi af mannlífi og afkastamestu síldarbræðslu landins. Í dag er fjörðurinn enn jafn fagur og íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hafa sameinast í eitt sveitarfélag, Fjallabyggð. Eftir útsýnisstopp á Snók er haldið áfram eftir eggjum Hafnarfjalls, á Hvanneyrarhyrnu og yfir á Stráka. Þegar horft er til baka á Illviðrahnúk og Siglufjarðarskarð blasir við ægifygur leiðin sem nú hefur verið gengin. Hluti hópsins fer niður í Hvanneyrarskál og niður í bæ. Aðrir ganga yfir á Stráka, út á ystu brúnir og niður í Engidal. Þar bíður okkar rútan og keyrir til Siglufjarðar. Góðum göngudegi er nú lokið. Lagt var af stað klukkan tíu og komið til baka í hús um kvöldmatarleytið. Gist er á gistiheimilinu Hvanneyri, vinalegum gististað í miðbæ Siglufjarðar.

Á öðrum degi er lagt af stað frá Siglufjarðarhöfn klukkan níu. Sigt er út Siglufjörð yfir á Siglunes. Siglufjörður er ein besta náttúrulega höfn landsins. Bæði lega fjarðarins, Siglunesið sem brimbrjótur norðurhafsins og grynningar úti fyrir firðinum gera það að verkum. Á Siglunesi var áður fyrsta byggð í Siglufirði en uppbygging Siglufjarðarbæjar á Þormóðseyri hófst um aldamótin 1900. Við stoppum stutt við á Siglunesi. Hann blæs nokkuð af norðan og því rétt að ganga sér til hita. Leiðin liggur yfir í Nesdal sem liggur á milli Hestfjalls og Siglunesmúla. Nesdalur er all stór og mikill dalur. Eyðidalur með öllu en Reyðará, bær samnefndur ánni sem rennur niður Nesdal stendur úti við sjávarklettana. Nesdalur er um 6 km langur og all breiður og þrengist eftir því sem innar dregur. Reyðará hlykkjast niður dalinn í mörgum sveigjum en annars er votlendi og mýrlandi og all hátt sef í upp eftir dalnum. Best er því að halda sig ofarlega við fjallsrætur í dalnum. Eftir all nokkuð þræmm er klukkan orðin 12.20 og því að rétt að taka matarhlé og hlusta í huganum á ímyndaðann fréttatíma. Tók einhver nestið mitt í ísskápnum í morgun spyr nú einn. Enginn kannast við það, en allir við gauka einhverju matarkyns að hinum matarlausu. Upp koma þó grunsemdir að hér sé aðeins um góða aðferð til að losna við að bera nestið sitt til næstu fjögurra daga. Á meðan nestið er borðað leika skýin, eða hafgolupokan við fjöllin. Hún dansar eftir fjallsbrúnum, skríður jafnvel niður miðja hlið. Hörfar svo til baka. Stundum sjáum við skörðin tvö sem til greina kemur að fara um. Pútuskörð, nær okkur og allbrött og Einbúaskarð innst í dalnum. Hvora leiðina eigum við nú að fara er spurt. Sjáum til segir fararstjórinn. Svo er lagt af stað. Þoka lædist yfir fjöllin. Kannski endar þetta bara í brölti í þokunni. Þegar innar í Nesdal er komið er ágætt gönguleið til vesturs yfir í Siglufjörð um Kálfadal. Í honum er fallet vatn og er þá komið niður við vitann í Siglufirði. Skemmtileg dagleið um svæðið. Við erum þó á leið yfir í Héðinsfjörð og þurfum að komast yfir Hestfjall, hestinn eins og fjallið er yfirleitt nefnt. Þegar við erum komin á móts við Pútuskörð rofar skyndilega til. Pútuskörð birtast sem hlið í þokunni sem þó liggur áfram þétt bæði eftir fjallsbrúnum hestsins og inn Nesdal. Það er engu líkara en Pútuskörð séu að bjóða okkur velkomin. Við skulum skella okkur upp hér. Fyrst skulum við þó fá okkur súkkulaðibita. Besta leiðin upp brött

fjöll og í fjallgöngum almennt að að ganga nógu hægt. Það er skrytín formúla en þó margsönnuð að eftir því sem þú gengur hægar á erfið fjöll, því mun fljótari ertu á tindinn. Og nýtur ferðarinnar einnig margfalt betur. Og svo er lagt af stað. Pútuskörð eru snarbrött og hafa lengi verið talin illfær nema þeim sem til leiðarinnar þekkja. Hér áður fyrr hlupu börn og unglingar úr Héðinsfirði yfir í Nesdal og út á Siglunes til að leika við féлага sína. Við leggjum á brattann. Urð og grjót, upp í mót, bölvað puð. Með allt á bakinu. En þetta er seigur hópur. Það á eftir að koma sífellt betur í ljós eftir því sem líður á ferðina. Pútuskörð sem eru í 460 metra hæð. Við komumst þar upp á tæpum klukku tíma. Og blasir þá við Héðinsfjörður. Fegursti eyðifjörður landsins. Við horfum beint yfir til Víkur, þar ætlum við að hafa næturdvöl. Vík var stærsta býlið í byggðarsögu Héðinsfjarðar. Við hofum inn Víkurdalinn. Þar rennur Víkuráin niður í sjó. Víkurbyrðan norðan megin dalsins og Víkurhyrna sunnan megin og fjaran, Víkursandur, fyrir botni Héðinsfjarðar. Innar Héðinsfjarðarvatn og dalurinn, einnig nefndur Héðinsfjörður. Í Pútuskarði rifjum við aftur upp söguna af krökkunum sem hlupu hér á milli um þetta snarbratta fjallaskarð til að leika sér. Það hafa verið fjörungir og dugmiklir krakkar. Í ferðinni er reyndar með einn þrettán ára strákur. Og alltaf í fararbroddi. Það er fátt betra fyrir æskuna en að vera úti í náttúrinni. Eftir gott stopp í Pútuskörðum er lagt af stað aftur. Það er snarbratt niður skarðið og þar sem hópurinn er stór og talsverð hætta á grjóthruni yfirgefum við skriðuna og skáskjótum okkur niður gróðurvaxna hlíðina og komum niður í botni fjarðarsins. Og hér er kaffipása. Kyrrð og ró í Héðinsfirði, svartur sandurinn í flæðarmálinu og mikill rekaviður. Vaða þarf Víkurós á leið yfir í Vík og að lokum komum við að Vík þar sem við ætlum að tjalda. Ferðin er bakpokaferð og því þátttakendur með allt sitt á bakinu til fjögurra daga. Í boði er þó ein grillveisla og er hún í Vík og er því tekið við að tjalda og grilla. Fyrsta verk er þó að taka út kamarinn, klósettholu og verður líklega ekki fegurra útsýni af nokkru klósetti landsins, Héðinsfjörður, spegilsétt vatnið og fjallafegurð. Í sumarleyfisferðum kynnast menn sögu, byggð og menningu þess svæðis sem ferðast er um. Og frumstæðar klósettaðstæður eru stundum hluti af ferð um eyðibygðir. Fatnaði er flaggað á skóflu ef holan er upptekin, annars er laust. Og þetta er bara all rómantískt. Um kvöldið er kvöldvaka. Sögustund og sungið, kveðist á og farið í leiki. Loks er lagst til hvílu og safnað þreki fyrir næsta dag.

### **Yfir í Hvanndali um sögulegar slóðir**

Hvanndalir er eitt afskekktasta dalverpi landins. Girtur reginfjöllum í allar áttir nema til hafsins þar sem klettur ganga fram í sjó. Dalurinn er all stór og víðari út til hafsins en þrengist inn eftir því sem hann hækkar og er þar innst kallað Vestaravík og Austaravík. Um Vestaravík er leiðin yfir Víkurbyrðu yfir í Vík í Héðinsfirði. Um Austaravík er farin langa leiðin yfir í Fossdal í Ólafsfirði, ekki farin nema kunngum. Landnemarnir Þórsmóður rammi sem nam Siglufjörð og Ólafur bekkur sem nam Ólafsfjörð deildu um Hvanndali og lágu fjórtán í valnum áður en þeir sömdu um sitt sumarið hvor. Nú eru Hvanndalir í eigu bænda frá Ytri á í Ólafsfirði. Byggð var lögð af í Hvanndölum 1896 en þá keypti Sigluneshreppur jörðina til að koma í veg fyrir að þar yrði búið. Ódáinsakur er austan árinna í Hvanndölum. Þar voru talin vaxa lífgrös og sá sem neytti þeirra varð ódauðlegur austan árinna. Hvanndalabjarg er austan við Hvanndali, en nær Hvanndölum er Hádegisfjall og Miðdegishyrna. Selskál er lítið dalverpi undir Miðdegishyrnu og raninn á hádegisfjalli umlykur skálina að norðan. Í skálinni eru fjölmargar litlar tjarnir og mikið bergmál frá hrikalegu klettabelti Miðdegishyrnu. Í Hvanndali eru nokkrar færar

leiðir: Frá Ólafsfirði er gengið frá Ytri á, út í Fossdal upp á Hvanndalabjarg, niður í Sýrdal og í Hvanndali. Einnig er hægt að ganga frá Ýtri á, inn Ytriárdal, um Rauðskörð yfir í Víkurdal og yfir Víkurbyrðu niður í Hvanndali. Frá Siglufirði þarf að ganga í Héðinsfjörð að Vík og þá yfir Víkurbyrðu. Einnig var áður hægt að ganga undir Hvanndalabyrðu, hrikalegt fjall, þar efst með klettunum eftir kindagötum en eftir að sauðfé hvarf af svæðinu hafa kindslóðirnar máðst út. Þá er ótalin sú leið að ganga fjöruna undir Hvanndalaskriðu. Leið sem ung kona, Guðrún Þórarinsdóttir gekk 1857, úr Hvanndölum í Héðinsfjörð, um hávetur til að sækja eld í bæinn sinn. Í árbók Ferðafélags Íslands 2000 þar sem Valgarður Egilsson skrifar um svæðið segir svo frá göngu Guðrúnar:

Árin 1854 til 1859 bjuggu á Hvanndölum þau Einar Ásgrímsson og Guðrún Þórarinsdóttir, höfðu áður verið vinnuhjú Guðvarðar Guðmundssonar. Á útmánuðum 1859 fór Einar á hákarlaskip eins og þá var títt og gvarð Guðrún að annast búskapinn á meðan, en þá voru í heimili Hólmfríður tókustúlka 9 ára og Ástríður og Guðlaug, dætur þeirra hjóna, 7 ára og eins árs. Matur var nægur á Hvanndölum, en eldiviður knappur. Guðrún var þunguð og átti örðugt með að klifra ofan fyrir bakka þar sem helst mátti finna spýtur eða mor til eldsmatar, og gekk henni stöðugt verr að halda eldinum lifandi og einn morguninn finnur hún engan neista í öskunni. Hún sá að hún yrði að komast að Vík. Ekki vildi hún fara Víkurbyrðu eins og hún var á sig komin, langt gengin með þriðja barn sitt, og ákveður að fara fjörun undir Hvanndalaskriðum, sem voru reyndar aldrei farnar á vetrum. En nú var norðaustanátt og ekki um það að tala. Tveimur dögum síðar gekk hann til sunnanáttar. Guðrún stóð upp seinni hluta nætur og vakti Hólmfríði, tókustúlkuna, sagði henni áform sín, vað hana gæta Ástríðar vel. Sjálf hugðist hún taka dóttur sína Guðlaugu með sér, sem þá var eins árs. Hún tók sér langa í hönd langa stöng og lagði af stað með barnið á öxlum sér. Gengur hún út bakka, út í Skriður, og síðan eftir fjörunum uns hún kemur að aðalforvaðanum. Þar var sjór alveg í berginu, hún myndi þurfa vaða í mitti. Hún styður sgi við stöngina. En þá lyftir lognaldan sér og færir bæði móður og barn á kaf – en Guðrúnu tekst að standa af sér ölduna og stjaka sér áfram, og þegar aldan lfytri sér næst hafði hún náð á grynna vatn og var nú sloppin. En all drjúg varð gangan heim að Vík

Og í minningu þessarar konu fer nú FÍ um þessa slóð og svona eins og til að leggja áherslu á virðingu fyrir dugnaði konunnar er annar fararstjóri FÍ í ferðinni komin fimm mánuði á leið.

Að loknum góðum svefni, morguverði og morgunleikfimi er tekið til við að ganga frá. Nú miðast ganga dagsins við sjávarföll og háfjara þennan daginn er kl. 16.24. Við leggjum því ekki af stað frá Vík fyrr en um hádegi. Höldum út fjörðinn. Það er sól og einmuna blíða líkt og verið hefur daga tvo á undan. Þokan skríður út með firðinum, líkt og hún vilji vera samferða okkur og Hesturinn birtist í allri sinni dýrð, eitt svipmesta fjall landsins. Og örnefni í fjallinu einhvern öll meira og minna tengd hesti. Við njótum útsýnisins og höldum áfram í rólegheitunum. Ekki laust við að eftirvænting ríkj í hópnum. Nú skal haldið um leið sem enginn hópur hefur farið áður. Og jafnvel enginn síðan Guðrún gekk hér fyrir 150 árum. Nema hvað Ferðafélagið kannaði leiðina sl. sumar

og reyndist hún þá fær. Þar sem leiðin niður í fjöru liggur frá brún eru um 30 metrar. Efst er mold og grjót en neðst er laus skriða og klettur. Neðsta hlutann er notast við kaðalspotta sem sem var hafður með í för. Þetta er töluvert bratt og hér fer einn í einu. Það tekur okkur um 30 mínútur að komst niður í fjöru. Og opnast hér nýr heimur, ægifagur og hrikalegur. Við horfum yfir Héðinsfjörð yfir á Hestinn sem rís reistur úr sjó. Og austur út með sjó að Hvanndölum eru snarbrattir klettur. Hér er flughált, svo ekki sé meira sagt. Belja á svelli myndi sýnast all stöðug miðað göngufólkið sem hér er á ferð. Flughálar sjávarsteinar, þari og þang, litadýrð kletta og sjávargróður og seiðandi sjávarniður. Það er nokkuð í háfjöru og við höfum um fjóra tíma til að ganga 4 km langa leið. Ekki líður á löngu þar til fyrsti göngugarpurinn liggur kylliflatur í hálu fjörugrjótinu. Og svo hver af öðrum. En við mjökumst áfram og inn á milli verður leiðin greiðfærari. En stundum líka torfærari. Á nokkrum stöðum þurfum við að þríla niður eða láta okkur síga. Á öðrum stöðum þurfum við að vaða fyrir kletta. Vaða út í sjó fyrir forvaða. Og skiljum við nú betur orðtakið „Það fara að verða síðustu forvöð.“ Eftir um þriggja tíma brölt skynjum við að það er farið að flæða að. „Erum við ekki að verða komin?“, Við síðsta forvaðann færir lognaldan okkur í sjó upp á mitti. Sem áður færði Guðrúnu á kaf. En þaðan er stutt í uppgönguna, upp færa leið um klettana. Ólétti fararstjórinn fer fyrstur og velur leið. Búin að bröлта yfir flughált grjót, klifra, síga, stingast á hausinn, og vaða sjó upp að mitti. Líkt og Guðrún forðum. Úr gljúfrinu sem við göngum upp er 1.2 km í neyðarskýlið í Hvanndölum þar sem við sláum upp tjaldbúðum. Og hér upplifir hver og einn staðinn á sinn hátt. Fegurðin, kyrrðin, hrikaleikinn. Fjarlægðin, sólarlagið, sagan. Brimið, fiskibátar og höfrungar. Var virkilega búið hérna? Hvernig fór fólk að ? Eða var þetta kannski bara allt saman streðið og nútímafólk þekkir í dag. En út við sjónarrönd sjáum við sólina hniga til viðar. Og lita himininn rauðan. Ævintýri dagsins er ljúka. Nýtt að hefjast.

### **Hvanndalabjarg**

Hvanndalabjarg er hæsta standberg landsins sem rís beint úr sjó. Reyndar hæst í Evrópu og það sem meira er hæsta standberg í heimi sem rís beint úr sjó. Sjöhundruð og áttatíu metrar. Til samanburðar er Látrabjarg 380 metrar og Hornbjarg 420 metrar. Og Hvanndalabjarg er hrikalegt eftir því og hefur aldrei verið klifið frá sjó. Lokaáfanginn á þessari fjögurra daga gönguferð liggur úr Hvanndölum, yfir Hvanndalabjarg og til Ólafsfjarðar. Það er svartapoka þegar við vöknum. Sér vart handa skil. Hvað þá til fjalla. En allt hefur sinn gang og tíma. Tíma sem þó er mun afstæðari til óbyggða og fjalla en í byggð. Í óbyggðum er hægt að slökkva á símanum og klukkunni og þá um leið fer allt að slá öðruvísi, líkt og í takt við náttúruna. Við gefum okkur góðan tíma til að vakna og taka okkur til og vonumst til að þokunni létti. Hún liggur þó sem fastast yfir Hvanndölum og lítið annað að gera en leggja af stað. Við höldum til austurs frá neyðarskýlinu. Að Ódáinsakri. Þar er þeim sem vilja boðið upp á lífgrös og gerast ódauðlegir í Hvanndölum. Þó er engin sem kys sér þó örlög. Ekki frekar en bóndinn forðum daga í Hvanndölum sem valdi að flytja vestur yfir ána til deyja líkt og aðrir menn. Fleiri eru áhugasamir um berjatýnslu enda allt krökkt af berjum. Við þokumst áfram áleiðis upp í Selskál í þokunni og sjáum ekki neitt en finnum þegar leggjum á brattann. Í Selskál er fyrsta stopp. Og nú er mynduð línu og skal nú blása burt þokuna. Hver bylgjan er tekin af annarri og blásið með af miklum móð. Þetta á eftir að duga segir fararstjórinn og svo er haldið áfram í þokunni. Upp eftir rananum á Hádegisfjalli. Og það er kannski ágætt að það er þoka. Þá

sjáum við ekki hvað það er bratt hérna fram af klettunum. Ofarlega á rananum komum við að skarði. Þaðan liggur leiðin niður í Sýrdal. Þar voru kindar reknar niður og hlaðið fyrir skarðið og komust þær þá hvergi úr dalnum. Rammgerðara beitarland fyrirfannst ekki. Áfram hvílir þokan yfir öllu. Fyrir miðjum Sýrdal er óhemju stór og mikill steinn sem fallið hefur úr bjarginu. Frá honum er bein lína upp skarðið sem fært er upp á bjargið. Það eina af þremur úr Sýrdal sem fært er á Hvanndalabjarg. Við fáum okkur vatn og búum okkur undir að leggja í skriðuna, snarbratta, sem við sjáum ekki enn. Það veitir ekki af að fá sér tvo súkkulaðibita. Á móti okkur eru komnir tveir Ólafsfirðingar, ættaðir frá Ytri á og þekkja hér hvern stein. Það voru fagnaðarfundir að rekast á þá í þokunni. Og svo er lagt af stað á Hvanndalabjarg. Það er bratt fyrst, síðan verður það brattara segir Ólafsfirðingurinn. En skemmtilegt hugsam við með allt á bakinu. Eftir dágóða stund er eins og það hann sé að rofa til. Sólin gægist þarna í gegn. Á nokkrum mínútum er eins og þokan leysist upp og himinn verður heiður og skær. Hrikaleg snarbrött fjöllin birtast nú í öllu sínu veldi. Við erum um það hálfnuð upp bjargið. Snarbrött skriðan framundan. Efst breytist laus skriðan í kletta og hér þarf aðeins að þríla. Lína liggur niður af bjargbrúninni og gott að grípa í hana. Hér er töluvert grjóthrun og við skiptum hópnum í nokkra smærri og hinir fyrstu komast upp og svo koll af kolli. Loks eru allir komnir á Hvanndalabjarg. Og nú duga fá orð til lýsingar. Við höldum áfram. Niður í Fossdal, Út á Kleifar og til Ólafsfjarðar. Út á höfn og þar bíður okkar báturinn sem siglir með okkur til baka til Siglufjarðar. Í siglingunni sjáum við leiðina alla sem höfum gengið. Og fyllumst lotningu. En um leið stolti. Fór ég þarna. Þarna niður. Og þarna upp. Ég ætla aftur. Strax næsta sumar.

Páll Guðmundsson

Fararstjóri og framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands